

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 426/1999, um vinnu barna og ungmenna.

#### 1. gr.

Viðauki 2 við reglugerðina verður svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

#### **Listi yfir efni sem ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna með. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.**

1. Efni og efnablöndur sem uppfylla viðmið fyrir flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008, sbr. a-lið 1. gr. reglugerðar nr. 415/2014, um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, í einn eða fleiri eftirfarandi hættuflokka og hættuundirflokka með einni eða fleiri hættumerkingum:
  - a. Bráð eituráhrif, 1., 2. eða 3. flokkur (H300, H310, H330, H301, H311, H331).
  - b. Húðæting, flokkar 1A, 1B og 1C (H314).
  - c. Eldfim lofttegund, 1. eða 2. flokkur (H220, H221).
  - d. Úðabrúsar með eldfimum efnum, 1. flokkur (H222).
  - e. Eldfimur vökvi, 1. eða 2. flokkur (H224, H225).
  - f. Sprengifim efni, flokkar „Óstöðugt sprengifimt efni“ eða sprengifim efni í deiliflokkum 1.1, 1.2, 1.3, 1.4 og 1.5 (H200, H201, H202, H203, H204, H205).
  - g. Sjálfhvarfgjörn efni og efnablöndur, tegund A, B, C eða D (H240, H241, H242).
  - h. Lífræn peroxíð, tegund A eða B (H240, H241).
  - i. Sértek eituráhrif á marklíffæri eftir váhrif í eitt skipti, 1. eða 2. flokkur (H370, H371).
  - j. Sértek eituráhrif á marklíffæri eftir endurtekin váhrif, 1. eða 2. flokkur (H372, H373).
  - k. Næming öndunarfæra, 1. flokkur, flokkar 1A eða 1B (H334).
  - l. Húðnæming, 1. flokkur, flokkur 1A eða 1B (H317).
  - m. Krabbameinsvaldandi áhrif, flokkur 1A, 1B eða 2. flokkur (H350, H350i, H351).
  - n. Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, flokkur 1A, 1B eða 2. flokkur (H340, H341).
  - o. Eiturhrif á æxlun, flokkur 1A eða 1B (H360, H360F, H360FD, H360Fd, H360D, H360Df).
2. Líffræðilegir skaðvaldar í 3. og 4. áhættuhópi skv. c–d-liðum 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 764/2001, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.
3. Efni og efnablöndur sem geta valdið stökkbreytingu, sbr. b-lið 3. gr. reglna nr. 98/2002, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum.
4. Efni sem í reglugerð nr. 390/2009, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, flokkast sem krabbameinsvaldandi.

#### 2. gr.

Við viðauka 3 bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

7. Vinnsluferli sem geta valdið krabbameini skv. I. viðauka reglna nr. 98/2002, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og er sett samkvæmt heimild í 38. gr., 3. mgr. 51. gr. og 63. gr. f laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og þess ráðherra sem fer með málefni efna og efnavara, í samræmi við hlutverk Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt 7. gr. efnalaga nr. 61/2013, til innleiðingar á tilskipun 2014/27/ESB um breytingu á tilskipun ráðsins 92/58/EBE, 92/85/EBE, 94/33/EB og 98/24/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB í því skyni að laga þær að reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og efnablandna sem vísað er

til í XVIII. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2014.

*Velferðarráðuneytinu, 26. maí 2016.*

**Eygló Harðardóttir**  
félags- og húsnæðismálaráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2016